

Samþykktir Landssamtaka lífeyrissjóða

1. gr.

Heiti og heimili

Samtökin heita Landssamtök lífeyrissjóða, skammstafað LL.

Heimili þeirra, skrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.

Heiti samtakanna á ensku er „Icelandic Pension Funds Association“.

2. gr.

Aðild

Aðild að samtökunum geta átt lífeyrissjóðir, sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eða starfa samkvæmt sérlögum um lífeyrissjóði.

Lífeyrissjóður sem óskar eftir aðild að samtökunum skal senda skriflega umsókn þess efnis til stjórnar. Með umsókn skulu fylgja starfsleyfi og samþykktir sjóðsins.

Stjórn samtakanna skal á næsta stjórnarfundum eftir móttöku umsóknar taka afstöðu til hennar og tilkynna umsækjanda ákvörðun sína skriflega. Lífeyrissjóður telst fullgildur aðili að samtökunum frá þeim degi sem stjórn samtakanna hefur samþykkt aðildarbeiðnina. Sé umsókn synjað skal slík ákvörðun stjórnar rökstudd.

3. gr.

Úrsögn

Heimilt er að segja sig úr samtökunum með skriflegri tilkynningu til stjórnar með a.m.k. 6 mánaða fyrirvara og tekur úrsögnin þá gildi frá næstu áramótum. Úrsögn telst því aðeins gild að hún hafi verið samþykkt í stjórn hlutaðeigandi lífeyrissjóðs.

Úrsögn leysir ekki lífeyrissjóð undan greiðslu árgjalds eða annarra skuldbindinga sem á sjóðnum kunna að hvíla.

4. gr.

Hlutverk

Hlutverk samtakanna er að:

- a) Gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða, sem aðild eiga að samtökunum.

- b) Vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum, sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.
- c) Hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- d) Vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- e) Stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- f) Fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi lífeyrissjóðasamtaka.
- g) Vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þess og tilgangi.

5. gr.

Aðalfundur

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal haldinn fyrir lok júní ár hvert.

Aðalfundur skal boðaður af stjórn bréflega til aðildarsjóða eða með öðrum sannanlegum hætti með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Fundarboð skal jafnframt birt á heimasíðu samtakanna.

Löglega boðaður aðalfundur telst lögmætur óháð fundarsókn.

Á aðalfundi skulu eftirtalin mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Staðfesting ársreiknings.
3. Breytingar á samþykktum samtakanna.
4. Kjör stjórnar.
5. Kjör löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
6. Ákvörðun um þóknun stjórnar.
7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs.
8. Ákvörðun árgjalds. sbr. 11. gr.
9. Önnur mál.

Rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétt eiga stjórn, framkvæmdastjórar og lykilstarfsmenn aðildarsjóða auk starfsmanna LL. Stjórn samtakanna er heimilt að bjóða öðrum fundarsetu.

6. gr.

Afgreiðsla mála

Á aðalfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða nema annað sé tekið fram í samþykktum þessum. Hver aðildarsjóður fer með eitt atkvæði. Þó getur lífeyrissjóður farið fram á það við fundarstjóra að atkvæðamagn hvers lífeyrissjóðs í atkvæðagreiðslu á fundum samtakanna skuli að hundraðshluta vera hið sama og hlutfallsleg skipting inngreiddra árgjalda aðildarsjóða til samtakanna á síðasta almanaksári.

7. gr.

Stjórn

Stjórn samtakanna skal skipuð 9 mönnum og 3 til vara. Skulu stjórnarmenn kosnir á aðalfundi samtakanna til tveggja ára í senn, fjórir aðalmenn og einn varamaður annað árið og fimm aðalmenn og tveir varamenn hitt árið. Stjórnarmaður skal að jafnaði ekki sitja lengur en tíu ár samfelldt sem aðalmaður í stjórn. Kjörgengi skapast á ný að tveimur árum liðnum.

Uppstillingarnefnd skal starfrækt sem hefur það hlutverk að gera tillögu til aðalfundar að skipan stjórnar. Í nefndinni sitji fimm fulltrúar til fjögurra ára; einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn frá samtökum starfsmanna ríkis og/eða sveitarfélaga, einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, einn frá launagreiðendum ríkis og/eða sveitarfélaga og einn frá þeim lífeyrissjóðum sem skilgreina hluta skylduiðgjalds í séreign.

Uppstillingarnefnd skal starfa í samræmi við starfsreglur sem settar eru af stjórn og staðfestar af aðalfundi. Skal uppstillingarnefnd við tillögugerð sína hafa það að markmiði að stjórnin endurspegli fjölbreytileika þeirra sjóða sem aðild eiga að landssamtökunum. Skulu fulltrúar í stjórn vera af báðum kynjum með sama hætti og gildir um skipan stjórnar lífeyrissjóðs, sbr. 4. mgr. 29. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og skulu þeir koma úr röðum ólíkra sjóða, frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, úr röðum framkvæmdastjóra aðildarsjóða og aðalmanna í stjórnnum þeirra, bæði fulltrúa launfólks og atvinnurekenda. Skal rökstudd tillaga uppstillingarnefndar liggja fyrir eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund samtakanna.

Verði breyting á starfsvettvangi stjórnarmanns á kjörtíma hans sem áhrif hefur á umboð hans sem stjórnarmanns í samtökunum skal hann að jafnaði sitja áfram sem stjórnarmaður fram að næsta aðalfundi samtakanna nema eitthvað mæli sérstaklega gegn því. Komi til þessa ber á næsta aðalfundi að kjósa stjórnarmann í hans stað sé kjörtími hans þá eigi að fullu liðinn. Óski stjórnarmaður hins vegar eftir því að láta þá

Þegar af stjórnarsetu og skemmri tími en fjórir mánuðir eru til næsta aðalfundar skal varamaður boðaður í hans stað. Sé lengri tími en fjórir mánuðir til næsta aðalfundar skal boða til aukaaðalfundar þar sem kosinn skal stjórnarmaður í stað viðkomandi. Líta ber til ákvæða 5. gr. við boðun aukaaðalfundar eftir því sem við á.

8. gr.

Verkefni stjórnar

Stjórn samtakanna fer með æðsta vald í málefnum þeirra milli aðalfunda. Hún undirbýr aðalfund. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs sér formann og varaformann til eins árs í senn. Stjórnarmaður skal almennt ekki samfelldt gegna formennsku eða varaformennsku lengur en fjögur ár.

Formaður boðar til stjórnarfunda. Skyld er að halda stjórnarfund þegar tveir eða fleiri stjórnarmenn óska. Stjórnarfundir eru lögmatir ef mættir eru meirihluti stjórnarmanna eða varamenn í þeirra stað. Tilkyrni aðalmaður forföll skal varamaður að jafnaði boðaður í hans stað. Boða skal varamenn í þeirri röð sem þeir voru kjörnir. Fjarþátttaka einstakra stjórnarmanna á stjórnarfundum er heimil með samþykki stjórnar.

Framkvæmdastjóri heldur fundargerð um stjórnarfund, sem staðfest skal af stjórn.

9. gr.

Framkvæmdastjóri

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur samtakanna og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn samtakanna hefur gefið.

Undirskrift framkvæmdastjóra bindur samtökin að því er varðar daglegan rekstur.

Framkvæmdastjórinn er ekki kjörgengur í stjórn en hefur rétt til setu á öllum fundum samtakanna með málfrelsi og tillögurétt.

10. gr.

Nefndir og vinnuhópar

Stjórn samtakanna skal eftir því sem þurfa þykir skipa nefndir til að vinna að ýmsum sameiginlegum málefnum aðildarsjóðanna. Nefndirnar skulu að jafnaði skipaðar starfsmönnum aðildarsjóðanna og skal stefnt að því að hver stjórnarmaður samtakanna eigi sæti í a.m.k. einni nefnd.

Eftirfarandi fastanefndir skulu skipaðar af stjórn með erindisbréfi til eins árs í senn og skal einn skipaður formaður. Að öðru leyti skipta nefndirnar með sér verkum.

1. Nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.
2. Réttindanefnd.
3. Samskiptanefnd.
4. Fræðslunefnd.
5. Áhættunefnd

Framkvæmdastjóri skal í samráði við formann stjórnar samtakanna mynda vinnuhópa, eftir því sem þurfa þykir, til að annast tímabundin verkefni er varða hagsmuni aðildarsjóðanna og þarfnast sérstakrar úrvinnslu.

11. gr.

Fjárhagsáætlun og árgjald

Stjórn samtakanna skal afgreiða fjárhagsáætlun ársins.

Aðildarsjóðir skulu greiða árgjald sem ákveðið er á aðalfundi samtakanna. Gjaldinu skal skipt upp í annars vegar fast gjald og hins vegar breytilegt sem tekur mið af hundraðshluta heildareigna sjóðanna í samtryggingu og séreign samkvæmt síðustu birtu ársreikningaskrá Fjármálaeftirlitsins.

Gjalddagi árgjalds er 1. júlí ár hvert.

Skrifstofu samtakanna er heimilt að krefja aðildarsjóði um greiðslu kostnaðar vegna sérverkefna sem unnin eru og varða hagsmuni viðkomandi sjóða. Stjórn samtakanna ákveður skiptingu slíks kostnaðar milli sjóðanna.

12. gr.

Ársreikningur og endurskoðun

Reikningsár samtakanna er almanaksárið. Stjórn skal láta semja ársreikning fyrir hvert almanaksár.

13. gr.

Breytingar á samþykktum

Breytingar á samþykktum þessum er einungis unnt að gera á aðalfundi. Stjórn lífeyrissjóðs, sem óskar eftir að bera fram tillögur til breytinga á samþykktum, skulu senda þær stjórn samtakanna eigi síðar en í marslok. Tillögur um breytingar á samþykktum, skulu sendar aðildarsjóðum samtakanna með fundarboði.

Breyting á samþykktum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða til þess að þær nái fram að ganga.

14. gr.

Slit samtakanna

Ákvörðun um slit samtakanna skal tekin á aðalfundi og þarf slík ákvörðun 2/3 hluta greiddra atkvæða til þess að öðlast gildi, enda hafi tillögu þar að lútandi verið getið í fundarboði sem um samþykktarbreytingu væri að ræða. Ákveði aðalfundur að slíta samtökunum skal fundurinn jafnframt ráðstafa eignum þeirra og skuldum.

Samþykkt á aðalfundi Landssamtaka lífeyrissjóða þann 26. maí 2026.